

GJALDSKRÁ fyrir fráveitugjöld í Þingeyjarsveit.

Gjaldskrá fráveitugjalda er byggð á lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

1. gr.

Fráveitugjöld.

Fráveitugjald skal vera 0,184% af fasteignamati.

2. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist fráveitugjald með fasteignasköttum.

3. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og var staðfest á fundi hennar 12. desember 2024 er sett með tilvísun í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatns- og fráveitugjöld í Þingeyjarsveit nr. 62/2024.

Þingeyjarsveit, 12. desember 2024.

Margrét Hólm Valsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.